

usta kl. 13.30. Málmblásarasveit tónlistarskólans leikur undir stjórn William Gregory. Organleikari Jón Stefánsson. Prestur sr. Sigurður Haukur Guðjónsson. Eldri sóknarbörn sem óska aðstoðar við að koma í kirkju láti vita í síma 35750 milli kl. 10.30 og 11 á sunnudag. Sóknarnefndin.

LAUGARNESKIRKJA: Fjölskyldugudspjónusta kl. 11.00. Fóstusamkoma kl. 17.00. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Sigríðar Jónsdóttur organleikara. Dagskrá um bók safnaðarins. Þátttakendur Gunnar J. Gunnarsson lektor, Kristján Búason dósent og Sigurður Pálsson námsstjóri. Sr. Ingólfur Guðmundsson. Föstudagur kl. 14.30: Síðdegiskaffi.

NESKIRKJA: Laugardagur: Samverustund aldraðra kl. 15.00. Jóhanna Björnsdóttir sýnir litskyggjur frá ferðum sínum um landið. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Sunnudagur: Barnasamkoma kl. 11.00. Guðspjónusta kl. 14.00. Sr. Frank M. Halldórsson. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 20.00. Fimmtudagur: Föstudagsþjónusta kl. 20.00. Sr. Frank M. Halldórsson.

SELJASÖKN: Barnaguðspjónusta í íþróttahúsi Seljaskólans kl. 10.30. Barnaguðspjónusta í Ólduselsskóla kl. 10.30. Guðspjónusta í Ólduselsskóla kl. 14.00. Fundur í æskulýðsfélaginu þriðjudagskvöld kl. 20.00 í Tindaseli 3. Fyrirbænasamvera Tindaseli 3 fimmtudagskvöld kl. 20.30. Sóknarprestur.

SELJARNARNESSÖKN: Barnasamkoma í sal Tónlistarskólans kl. 11.00. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson.

FRÍKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI: Sunnudagaskólinn kl. 10.30. Safnaðarstjórn.

STOKKSEYRARKIRKJA: Barnamessa kl. 11.00. Messa kl. 2.00. Sóknarprestur.

ELLIMALARÁÐ REYKJAVIKURPROFASTSDÆMIS: Námskeiði í safnaðarstarfi verður framhaldið mánudags- og þriðjudagskvöld kl. 20.15 í safnaðarheimili Bústaðakirkju. Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup mun tala bæði kvöldin á mánudagskvöld: „Hverju trúum við“ og á þriðjudagskvöld „Spurningar um dauðann“.

Hafnarfjarðarkirkja

Föstumessa kl. 20.30 á sunnudag. Kennarar, og nemendur í Lýðháskólanum í Skálholti sjá um fjölbreytta efnisskrá í tónum og tali. Ræðumaður Gylfi Jónsson rektor. Orgelleikur, Helgi Bragason. Sr. Gunnþór Ingason.

Kirkja Óháða safnaðarins

Barna- og fjölskyldurhessa kl. 11. Söngvar við hæfi barna. Sunnudagspóstur, framhaldssaga o.fl.

Baldur Kristjánsson.


Skemmtistaðir

HÓTEL BORG: A föstudags- og laugardagskvöld verður diskóíð á fullu. Á sunnudaginn verða gömlu dansarnir undir stjórn Jóns Sigurðssonar.

ARTÚN, Vagnhöfða 11: Gömlu dansarnir á föstudagskvöld, einkasamkvæmi laugardagskvöld.

GLÆSIBÆR: Hljómsveitin Glæsir leikur fyrir dans í kvöld og laugardagskvöld. Big Foot verður í diskótekinu.

Hvað er á seyði um helgina




Fjórir listamenn með sýningu á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 17. mars kl. 14 verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýning á verkum þeirra Ívars Valgarðssonar, Rúnu Þorkeldsdóttur, Þórs Vigfússonar og Rúrí.

A sýningunni verða teikningar, málverk og skúlptúr. Öll verkin eru ný

og hafa ekki verið sýnd á Íslandi áður. Listamennirnir hafa allir stundað nám hér heima og erlendis og hafa sýnt víða innanlands og utan á undanförunum árum. Sýningin er í báðum söllum Kjarvalsstaða og er opin daglega, frá kl. 14–22, og henni lýkur sunnudaginn 1. apríl.



Listaverk úr steinum og rekaviði

Sæmundur Valdimarsson hefur opnað sýningu á Kjarvalsstöðum og sýnir þar 18 verk sem hann hefur gert á sl. tíu árum. Verk sín vinnur hann úr steinum og rekaviði og hafa þau vakið

mikla athygli. Sæmundur, sem er fæddur árið 1918 á Barðaströnd, byrjaði á því um 1970 að setja saman myndir úr þessum efnum og síðar að vinna höggmyndir úr rekaviði.

Hvað er á seyði um helgina

Norsk bókakynning í Norræna húsinu


Laugardaginn 17. mars kl. 15 verður bókakynning í Norræna húsinu. Er það þriðja bókakynningin í þessum mánuði og verða að þessu sinni kynntar norskar bækur, útkomnar 1983. Tor Ulset, sendikennari í norsku við Háskóla Íslands, kynnis bækurnar, en gestur verður norski rithöfundurinn Dag Solstad sem ræðir um verk sín og les upp.

Að vanda er bókakynningin öllum opin.

Norski rithöfundurinn Dag Solstad.



Sólríshátíð Menntaskólans á Ísafirði:



Alþýðuleikhúsið í heimsókn

Sólríshátíð Menntaskólans á Ísafirði lýkur á sunnudag með sýningu Alþýðuleikhússins á Tilbrigði við önd, sem er annað leikrita eftir Bandaríkjamanninn David Mamet, sem Alþýðuleikhúsið sýnir um þessar mundir að Hótel Loftleiðum, undir samheitiinu AndarDráttur. Þar segir frá tveimur mönnum, sem hafast við í skemmtigarði og ræða af mikilli speki um lífið og tilveruna, og einkum sækir náttúran í kringum þá inn í umræðu-

efnin. Með hlutverkin fara Helgi Björnsson og Viðar Eggertsson og hafa þeir hlotið góða dóma fyrir leik sinn.

Tilbrigði við önd verður síðan sýnt á mánudagskvöld á Akureyri. Þá hefst Listadagur Menntaskólans á Akureyri. Sýningin á Akureyri verður í Möðruvallakjallara, en á Ísafirði í Alþýðuhúsinu og hefst þar kl. 20.30. Sýningarnar eru ætlaðar almenningsi jafnt sem menntaskólanemum.

VÖRUSÝNING OG RÁÐSTEFNA fyrir matvælaíðnaðinn og verslun

í Menningarmiðstöðinni við Gerðuberg, laugard. 17. mars kl. 10 – 20

35 fyrirtæki í iðnaði og umboðssölu

kynna vörur sínar á 500 m² sýningarsvæði

Áhersla er lögð á nýjungar í sambandi við vinnslu, hreinlæti og gæðaeftirlit í matvælaíðnaðinum

Dagskrá ráðstefnunnar

- | | |
|---------------|--|
| 10.00 | Vörusýning hefst. |
| 13.00 | Fyrirlestrar hefjast. |
| 13.00 – 14.15 | Sigurður Greipsson: 1) Helstu gerðir örvera. 2) Fiskur og vinnsla. |
| 14.15 – 15.15 | Þorsteinn Ólafsson: Hreinsi- og þvottaefni. |
| 15.15 – 16.15 | Kaffi og kynningar. |
| 16.15 – 16.50 | Hákon Jóhannesson: Kjöt og vinnsla. |
| 16.50 – 17.25 | Eiríkur Þorkelsson: Mjólk og vinnsla. |
| 17.25 – 18.00 | Egill Einarsson: Gæðaeftirlit. |
| 18.00 | Umræður. |
| 20.00 | Vörusýningu lokið. |

Fyrirlesarar:

Egill Einarsson, efnaverkfræðingur, starfar við ráðgjöf í matvælaíðnaði hjá Verkr. og rekstrarráðgjöf, Laugavegi 170 – 172. 105 R.
Eiríkur Þorkelsson, mjólkurfræðingur, forstöðumaður rannsóknarstofu M.S. Laugavegi 162. 105 R.
Hákon Jóhannesson, matvælafræðingur, starfar við ráðgjöf í matvælaíðnaði, Matvælaþekni, Akralandi 3. 108 R.
Sigurður Greipsson, gerlafræðingur.
Þorsteinn Ólafsson, efnaverkfræðingur hjá Efnaverksmiðjunni Sjöfn, Glerárgötu 28. 600 Akureyri.

Um erindin

- Helstu gerðir örvera: Í þessu erindi verður gerð grein fyrir örverum, samspili örvera og umhverfis og hvernig eiginleikar þess ákvarða hvaða gerðir þrífast á tilteknum stað. Þetta erindi leggur góðan grunn að næstu erindum, þ.e. um mjólk, fisk og kjöt.
- Fiskur og vinnsla: Í þessu erindi verður gerð grein fyrir því hvers vegna góð meðhöndlun á fiski er mikilvæg – hér skiptir meðferð, hitastig og tími meginmáli.
- Mjólk og vinnsla: Mjólk er geysivíðkvæm og verður að meðhöndla hana með mikilli nákvæmni. Hvernig er gæðaeftirlit á henni hátað og hvaða kröfur eru gerðar til mjólkurvara m.t.t. efna- og gerlainsihalds?
- Kjöt og vinnsla: Hverjar eru helstu orsakir fyrir skemmdum í kjöti og kjötafurðum og hvernig má haga gæðaeftirliti í kjötiðnaðinum?
- Hreinsiefnin og notkun þeirra: Í dag er grænsápan að mestu úr sögunni og í staðinn kominn aragrúi sérhæfðra þvotta- og hreinsiefna fyrir hin mismunandi tilvik. Í þessu erindi verður gerð grein fyrir byggingu og eðli þessara efna og sérhæfðri notkun þeirra og notkunarmöguleikum í matvælaíðnaðinum.
- Gæðaeftirlit: Sífellt eru kröfur neytenda að aukast og framleiðendur mega ekki sofna á verðinum. Í þessu erindi verður hugtakið „gæðaeftirlit“ skilgreint, einnig verður farið í gæðaeftirlit á hinum ýmsu stigum matvælavinnslunnar.

Aðgangseyrir: Ráðstefna og vörusýning 450 kr
Vörusýning 150 kr
Matvælaþekni, Akralandi 3, 108 Rvík.
Símar 91-39530 og 687535.



BROADWAY: A föstudagskvöld verður skemmtidagskráin „Gegnum tíðina – manstu lagið“. Er þetta upprifjun á gömlum og nýjum dægurlögum. Á laugardagskvöld verður Rokk '84, stanslaust stuð með Gunnari Þórðarsyni og 25 listamönnum. Sunnudagur: Útsýnarkvöld.

KLÚBBURINN: A föstudags- og laugardagskvöld verður Rocky Horror Show-kvöld í Klúbbnum. Er þetta 20 manna dans- og söngvahópur með sérsamið atriði byggt á blómmyndinni Rocky Horror Show. Að þessum söngleik loknum mun hljómsveitin Toppmenn sjá um dansinn fyrir gesti Klúbbsins.

ÞÓRSKAFFI: A föstudags- og laugardagskvöld leikur Dansbandið fyrir gesti hússins. Magnús Ólafsson mætir á staðinn með grín, glens og gaman. Stúlur frá Ballettskóla Eddu Scheving sýna Gríntangó og fl. Bobby Harrison, hinn frábæri söngvari, rifjar upp lög frá 1960.

LEIKHÚSKJALLARINN: Diskótek í kvöld og laugardagskvöld. Gírnilegur matseill.
ÓDAL: Dúndrandi diskótek í umsjón Halldórs Arna.

Opið um helgina

KLÚBBURINN